

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 12. september 2023. Samskipti fóru fram á fjarfundi.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Eyþór Arnarson og Vilhjálmur Birgisson.

Frá sambandinu: Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Fylgiskjal 6 : Sérstakar greiðslur lægstu launa

Samkomulag um sérstakar greiðslur lægstu launa

Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands um sérstakar greiðslur sem gilda frá 1. apríl 2023.

Aðilar eru sammála um eftirfarandi sérstakar greiðslur til hækkunnar lægstu launa. Yfirlit yfir fjárhæðir er á starfsmatsstigabilum og verður eftirfarandi frá 1. apríl 2023.

SÉRSTAKAR GREIÐSLUR LÆGSTU LAUNA			
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024			
Starf með starfsmatsstig frá	Starfsmatsstig til	Launaflokkar	Sérstök greiðsla á mánuði verður:
265	274	117	19,500
275	284	118	19,500
285	294	119	19,500
295	304	120	19,500
305	314	121	19,500
315	324	122	19,500
325	334	123	19,500
335	344	124	19,500
345	354	125	17,750
355	363	126	15,600
364	372	127	11,700
373	381	128	9,750
382	390	129	5,850
391	399	130	2,600

Greiðslan er föst fjárhæð miðað við starfshlutfall, óháð einstaklingsbundnum launamyndunarpáttum, og tekur ekki hækkunum á samningstímanum. Orlofslaun teljast

innifalin í ofangreindum fjárhæðum. Greiðslur skv. ofangreindu falla niður í lok samningstímans, þann 31. mars 2024, án frekari fyrirvara, en þó þannig að greiðslur haldast í samræmi við framkvæmd þar til gengið hefur verið frá nýjum kjarasamningi milli aðila.

Fái starf endurmat/endurskoðun til hærri stigaröðunar og/eða ef breyting verður á starfsheitum/ráðningarkjörum starfsfólks á ofangreindum stigabilum, þannig að launaröðun taki mið af hærri stigaröðun, tekur greiðsla breytingum í samræmi við breytt stigabil. Nái stigaröðun starfs hærri stigaröðun en 399 starfsmatsstigum falla greiðslur skv. ofangreindu niður.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.